



2017-  
2018

## IÐN – Verknám á vinnustað



Guðrún St. Guðbrandsdóttir  
Grunnskólinn í Borgarnesi  
2017-2018

## Kæru samstarfsaðilar

Um leið og við bjóðum ykkur hjartanlega velkomin í þetta samstarf langar okkur einnig að þakka ykkur fyrir frábær viðbrögð og góða samvinnu, án ykkar er þetta verkefni óframkvæmanlegt.

Verkefnið var í upphafi hugarsmiði Önnu Dóru Ágústsdóttur fyrrverandi hönnunar og smíðakennara og Signýjar Óskarsdóttur fyrrverandi skólastjóra Grunnskólans í Borgarnesi. Verkefnið hófst veturinn 2013-2014 þegar sótt var um styrk hjá Sprotasjóði<sup>1</sup> til að þróa verkefnið áfram. Anna Dóra hafði verið með nemendum í því að gera upp gömul húsgögn og vildi færa þetta eitthvað lengra. Guðrún St. Guðbrandsdóttir hönnunar og smíðakennari tók við verkefninu haustið 2014 og hefur haldið utan um það síðan með aðstoð Huldu Hrannar Sigurðardóttur á fyrri stigum verkefnisins.

Markmið verkefnisins eru og hafa verið frá upphafi að efla enn frekar samstarf atvinnulífs og skóla í Borgarbyggð. Að búa til vettvang þar sem nemendur geta þjálfað upp verkunnáttu sína á vinnustað og tekist á við verkefni í aðstæðum sem mæta þeim þegar út á vinnumarkaðinn er komið. Að matsfylki til að meta verklega hæfni á vinnustað s.s. mat atvinnurekenda og sjálfsmat nemenda út frá matsviðmiðum sem hæfa aðalnámskrá grunnskóla. Að nemendur fái tækifæri til þess að gefa aftur til samfélagsins með vinnuframlagi sínu. Að nemendur sem standa sterkari í verklegri greinum en bóklegum fái tækifæri til að byggja á styrkleikum sínum.

Með þessu eykst vonandi áhugi á iðngreinunum. Við vonumst til að nemendur sjái að þeir geti gefið til samfélagsins með vinnuframlagi sínu og aukið þekkingu sína og víðsýni. Að þau taki ábyrgð á umgengni og notkun verkfæra og ekki síst sagt frá mikilvægi verklegrar þekkingar í samfélaginu.

Veturinn 2015-2016 var nemendum fylgt eftir og búið til stutt kynningarmyndband um verkefnið í heild sinni. Þetta myndband var búið til af tveimur nemendum grunnskólans.

Við munum reyna okkar besta til að kynna verkefnið í Borgarbyggð og víðar. Þar getum við tilgreint okkar ágætu samstarfsaðila og þeirra ómetanlega framlag.

Nemendur eru tryggðir sérstaklega fyrir þetta starfsnám, þar sem þeir eru að vinna við allt aðrar aðstæður og með önnur áhöld og verkfæri en í skólanum.

Virðingarfyllt,

Guðrún St. Guðbrandsdóttir (Gunnar)  
Hönnunar og smíðakennari  
Grunnskóla Borgarness  
S: 8683521 netfang: gunna@grunnborg.is

<sup>1</sup> Sprotasjóður styður við þróun og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá.

## Hlutverk fyrirtækja í IÐN – Verknámi á vinnustað

Hlutverk fyrirtækja er stórt í móttöku nemanda og án þátttöku þeirra væri engin valgrein eins og IÐN í boði við skólann.

Hér eru þeir verkþættir sem snúa að utanumhaldi og móttöku nema á vinnustað.

- Skrá mætingu nemanda
- Kynna nemanda fyrir öryggisbúnaði og vinnureglum í fyrirtækinu
- Kynna fyrir nemanda hvað felst í því iðnmenntastarfi sem hann er að kynna sér
- Leyfa nemanda að taka þátt í starfinu eins og framast er unnt
- Skrá í tiltekið matsfylki hvernig nemandi hefur staðið sig í starfskynningunni
- Vera góð og upplýsandi fyrirmynd í hvívetna

Neðar í skjalinu er eyðublað sem sýnir matsfylkið sem fylla á inní. Þetta matsfylki fylgir hverjum nemanda. Kennari sér um að koma því til fyrirtækisins og taka við því þegar það er útfyllt.

Nemandi metur einnig sjálfur sitt framlag og upplifun á starfsnáminu og skilar því til kennara á sjálfsmatsblaði sem er hér neðar í skjalinu.

Foreldrar verða að samþykka að barnið þeirra taki þátt í þessu starfsnámi og því er sendur heim ábyrgðarsamningur áður en nemendur fara í fyrirtækin. Sjá neðar.

## Mætingar og matsblað fyrir nemendur í IÐN

Nafn: \_\_\_\_\_

Fyrirtæki: \_\_\_\_\_

Mæting: miðað við 2 klst í senn (má vera lengur summa daga og styttra aðra) eða 14 klst samtals.

1. vika	2. vika	3. vika	4. vika	5. vika	6. vika	7. vika

### Mat á nemanda (krossa í viðeigandi reit)

Hæfniviðmið	Matsatriði				
Að nemandi geti unnið sjálfstætt og beitt þeirri tækni sem greinin býr yfir í viðeigandi verkefnum	Leysir sjálfur af hendi verkefni	Getur ekki leyst einföldustu verkefni án aðstoðar <input type="checkbox"/>	Getur leyst mjög einföld verkefni <input type="checkbox"/>	Leysir verkefni af hendi <input type="checkbox"/>	Leysir verkefni á auðveldan hátt og til fyrirmyndar <input type="checkbox"/>
Að nemandi sýni frumkvæði, skipuleggi sig og geri ætíð sitt besta	Sýnir áhuga, frumkvæði og leggur sig fram	Er áhugalaus um vinnuna, sinnir ekki verkefnum sem fyrir hann eru lögð <input type="checkbox"/>	Er frekar áhugalaus, sinnir verkefnum illa sem fyrir hann eru lögð <input type="checkbox"/>	Sýnir áhuga á starfinu og verkefnum, skilur við verkefni á viðunandi hátt <input type="checkbox"/>	Er mjög áhugasamur og drífandi, lýkur verkefnum á framúrskarandi hátt <input type="checkbox"/>
Að nemandi læri viðeigandi vinnustellingar og réttan hlífðarbúnað	Notar réttar vinnustellingar	Hirðir ekki um að læra eða nota viðeigandi vinnustellingar <input type="checkbox"/>	Notar ekki aðferðir og vinnubrögð á réttan hátt <input type="checkbox"/>	Notar viðeigandi vinnustellingar og vinnubrögð <input type="checkbox"/>	Leggur sig fram um að læra viðeigandi vinnubrögð og vinnustellingar <input type="checkbox"/>
	Notar hlífðarbúnað	Notar ekki viðeignandi búnað <input type="checkbox"/>	Notar stundum viðeigandi hlífðarbúnað <input type="checkbox"/>	Notar viðeigandi hlífðarbúnað <input type="checkbox"/>	Notar alltaf viðeigandi hlífðarbúnað <input type="checkbox"/>
Að nemandi sýni frumkvæði af góðum frágang og umgengni á vinnustaðnum	Gengur frá hlífðarbúnaði og verkfærum á réttan stað	Gengur illa um búnað og vinnustað. Gengur ekki frá <input type="checkbox"/>	Gengur stundum frá hlutum og búnaði á réttan hátt eða stað <input type="checkbox"/>	Gengur frá búnaði og hlutum á réttan hátt <input type="checkbox"/>	Er til fyrirmyndar í umgengni á búnaði <input type="checkbox"/>

Umsögn: \_\_\_\_\_

---



---



---



---

Ef nemandi mætir ekki í þá tíma sem hann á að mæta í væri mjög gott ef fyrirtæki sendi póst á [gunna@grunnborg.is](mailto:gunna@grunnborg.is) eða hringja í síma 4337430 eða 8683521 og léti vita af fjarvist viðkomandi.

### Sjálfsmatsblað nemanda í IÐN

Nafn: \_\_\_\_\_

Fyrirtæki: \_\_\_\_\_

#### Merktu við það sem þér finnst passa við þig

Matsatriði	Aldrei	Sjaldan	Oftast	Alltaf
Ég get leyst verkefni sem fyrir mig eru sett				
Ég sýni áhuga, frumkvæði og legg mig fram í vinnunni				
Ég sýni góða hegðun og stundvísi				
Ég nota viðeigandi verkfæri og hlífðarbúnað				
Ég nota réttar vinnustellingar				
Ég geng frá verkfærum og búnaði á réttan stað				
Ég nota búnað og verkfæri á réttan hátt				

Stóðst fyrirtækið væntingar þínar: \_\_\_\_\_

Ef ekki, hvað mætti betur fara? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Gætir þú hugsað þér að læra þetta iðnnám í framtíðinni? \_\_\_\_\_

Annað sem þú vilt segja um verknámið þitt:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## Ábyrgðarsamningur í IÐN – Verknám á vinnustað

### Veturinn 2017-2018

- Nemandi er á ábyrgð Grunnskólans í Borgarnesi, tryggður af hans hálfu.
- Starfsnám er hluti af skólagöngu viðkomandi og því eru skólareglur gildandi í starfsnámi.
- Nemandi ber að fara eftir reglum um samskipti og öryggi á vinnustað ella gæti það þýtt brottvísun af vinnustað.
- Fyrirtæki ber að fara eftir vinnustaðareglum í öryggi, heilbrigði og samskiptum
- Nemandi fer í sumum tilfellum með starfsfólki skólans í einkabíl til og frá fyrirtæki

#### Fyrirtæki sem taka þátt í vetur:

Geirabakarí, Englengdingavík, Vatnsverk, Eiríkur Ingólfs, Kræsingar, Loftorka, Límtré/Vírnet, N1, Gösli ehf, Ó.G. flísalagnir, Hár Center, Landnámsssetrið, Vélsmiðja BA, SBB

Ef þið óskið eftir að barnið ykkar fari ekki í eitthvert eftirtalinna fyrirtækja takið það fram hér fyrir neðan.

---



---

Við undirrituð vottum það hér með að barnið okkar megi sunna starfsnám í valinu IÐN í neðangreindum fyrirtækjum veturinn 2017-2018. Hver nemandi getur farið í allt að 4 fyrirtæki.

Dagsetning

---

Nafn nemanda

---

Foreldri/Forráðamaður

---

Foreldri/Forráðamaður

---

Fyrir hönd Grunnskólans í Borgarnesi

---